Sigríður Sigurðardóttir.

920
Sig

Sannsynn

Virdinga Madur

Sem allt vantar, enn hefur þo alla Hluti;

Samañvegandi

Pad Himneska og Jardneska

Eptir Helgidoomsins Sikli.

Framleiddur aa eitt Opinbert Sioonar-Plaats, i einfaldri

Lijk-Rædu,

Yfir Ord Paals Postula, Rom. VIII. vers. 18.

Vid Sorglega Jardar-Før, Þeirrar i Lijfinu

Edla Velæruverdugu, og marg-Dygdum prijddu

HØFDINGS KVINNU

Saal.

Mad. Sigridar Sigurdar Doottur.

Hver ed framfoor i Hoola-Doom-Kyrkiu,

Þann 4. Septembris 1770.

Med Soomasamlegri Lijk-Fylgd og Ceremonium

J margra Ypparlegra, Goodra og

Gøfugra Manna

Samkvæmi.

LANDSBÓKASAFN

Badum
Þeim Brædrum,
Gøfugum og Velvijsum
Oddi Stefans Syni
Studioso Iuris, og Notario
i Landsins Yfir-Retti.
Samt
Æruverdugum og Mióg vel lærdum
Sigurdi Stefans Syni
Studioso Theologiæ Atteſtato
og
Conrectori vid Doom-Kyrkiu Skoolann aa Hoolum.

Oſkaſt hier med Naadar, Myſkunar og Fridar, af Gudi Fedur og DRottni JEſu Chriſto Syni Fodurſins, i Saũleika og Kiærleika!

NAD lifa, er enginn Liſt eda Kuñſt; Enn ad lifa med Liſt, þad er koſtulegra eñ Lijfid: Og þad maa vera Yckur eiñ Grædi-Plaaſtur, vid þad Hiarta-Saar, ſem þid fengid hafid, af Vilſkilnadi og Burtkallan yckar Saalugu Moodur: Hun lifdi ſo lyſtilega vel, þeſs vegna er Omøgulegt, ad heñi lijdi nu ødruvijſi eñ vel; Og þad maa vera

 yckur

yckur sæ Fognudur, sem yfirgeingur og uppsvelgir alla Sorg; ad þar hlioomar fyrir yckar Eyrum, wr øllum Attum, eptir hana lidna, su Lijkhrijnging: Allt Foolkid i þeim giørvalla Stad, veit þad, ad hun var ein Dygdug Kona. Ruth. 3. v. 11.

Ecki æ eg so goodañ Peña, Þier enu goodu Meñ! Ad eg kuñi ad afmaala Dygdir og Mañkostu, yckar Saalugu Moodur, sem þeim sambijdur; Þvi hañ hefdi ætt ad vera skoriñ og tilreiddur af þeim forsilfrudu Dwfuñar Fiodrum, med Gull Pentum skreyttur. Psalm. 68. v. 14. Hvilljkur ecki var mier i Hendi: Eñ þad er einasta Boot i Maalinu, ad ecki þarf ad uppmaala fyrir yckur heñar Mañkosti, þvi so sem þid vorud i fyrstu plantadir eins og Oliu Kvistir kringum Bordid i hennar Hwsi, Ps. 128. v. 3. So erud þid eiñiñ iñplantadir Viin-Trenu Christo, sem Avaxtarsamir Kvistir, og Groodursettir i hañs Akri, sem good Tre, er giora goodañ Avoxt; Og ordnir so, ecki einasta fullkomnir Erfingiar og Eigendur Moodur-Dygdaña, (so Sigrijdur Sigurdar Doottir er ecki daud; þvi hun hefur laatid sijna Lijka eptir sig, Syr. 30. v. 4. Jaa, sijna lifandi Imynd) helldur þar ad auki mootadir og uñsteiptir, eptir þvi Formi Lærdoomsinsl, sem þid erud seldir til. Rom. 6. v. 17.

Jeg afhendi nu fraa mier og tilskrifa yckur eptirfylgiandi

Blod, med Jñtaki þeirrar einføldu Rædu, sem opiñberlega var wttolud vid Jardar-Før yckar ꜳdur Velnefndu Sꜳlugu goodu Moodur, og þad eptir yckar eigiñ Tilmælum, hverium eg mꜳtti ecki neita, jafnvel þoott eg hefdi añars Hiartañlega villad hafa mig þar frꜳ afsakadañ, þvi Bookstafuriñ bliifur, hvad sem ad er. Eñ þetta tveñt dyrfir mig: Fyrst, ad eg veit þid hafid i þvi Vifluguñar Nꜳtturu, ad hun siugur alltijd eitthvad sætt af ollum Blomstrum, og giørir Huñꜳng þar af. Hitt añad sem ꜳdur er sagt, ad eg veit, Mañkostirnir eru yckur tilfallner, bædi ad Erfdum og Afla-Fe, og kuñid þvi vel, ad færa þad ꜳsꜳtt er, ꜳ þañ betsta Veg, ꜳ hveriu nu er þvi meiri Þorf, sem þad ber skialdnar vid, ad somu Ordiñ, hafi somu Aheyrslu, þa þau eru heyrd og lesiñ.

Til Alyktunar get eg þess, ad so sem liiklegt er, þeim alhaga Byggingar Meistara muni þocknast, ꜳ siinum Tijma, framar eñ hingad til sked er, ad uppreisa yckur so sem tvo Stoolpa Jachin og Boos, 1. Reg. 7.v.21. Añañ til hægri, eñ añañ til vinstri Hlidar, i Forgardi siins Hwss, hier ꜳ Jorduñi: Þa er miin iñileg Osk, ad hver yckar fyrir sig, fꜳi þa stadid ꜳ siñi tilsettri Vakt og Posti, med þeim Epla Kransi Coronadur, sem færi so sætañ Jlm, bædi fyrir Gudi og Moñum, ad Hyrningar Steiñiñ, yfir hvern þid byggid, og byggdir erud, JESUS, ville ad Endalokunum tala til yckar, sem til Engils Samkundunar

uñar af Philadelphia: Saa sem yfirvinñur, þañ mun eg giøra ad Stoolpa i Mustert Guds mijns, og hañ mun ei framar wtgaanga, og eg mun skrifa aa hañ Nafn Guds mijns, og Nafn Borgar Guds mijns, þeirrar nlju Jerusalem, hvor ed ofañkemur af Himni fraa Gudi mijnum, og mitt ed nija Nafn. Apoc. 3. v. 12. Med þessari Hiartans Arnan til ydar og allra Guds Barna, lifir og deyr, sa sem vill fiñast

Messieurs!

Ydar

Þienustuviliugur, skylldugur og Elskandi Þienari.

J. J. S.

Bæninn.

HU Odaudlégi Gud! sem giorer undarlega Hluti, og leikur vid Mannanna Børn, þu sem deydir og lijfgar, særir og grædir: Vier Daudans Børn, sem eckert meira hrædunst enn Daudann; Enn lœtum þad þo vera vort dagleg Eftirlæti, ad forþiena hann, og ala i oss, og hiaa oss þær Orsakir, sem loksins tilfæra oss Daudann: Vier komum nu med þessa Yfirvegan fram̄ fyrir þig, þu Hiartnanna Ransakari! Og þad fyrir þijna fodurlega Tilhlutan og aminnilega Bendingu, þvi ann þess erum vier Tilfinningarlausir, og konnustum ei vid vora Synid: Enn þitt Myskunar Hiarta er so vidkvæmt, ad þijn Ydur bresta i þier af vorum Dofinnleika. Þar fyrir særir þu vor dofnu Hiørtu, so þu, sem ert sa sanni Israels Grædari saair Orsøk ad lækna: Þu deydir sialfur so þu leitir Orsakar til ad lijfga: Lætur Daudann, Skelfinganna Konung, hvørn vier af Natturun̄i hrædunst, briootast inn i vor Herbergi, og giora þær Um̄breitingar i vorum Husum, sem vier ecki vilium, so ad i þijnu Hwsi og Musteri, sem er vort Hiarta, kunni ad skie su Um̄breiting, sem þu villt, sem er, ad vor Vilie giorist þijnum Vilia undirgiefinn. I þessu Tilliti hefur þu Drottinn bendt oss i Dag, giort eina Um̄breiting hiaa oss, þar þier hefur þocknast, ad þar yrdi hoggvid eitt Skard i Israel, fyrir Burtkallan, þeirrar Edla Velæruverdigu og Dygdumgiæddu Hofdings Kvin̄u Saal. SIGRIDAR SIGURDAR DOTTUR. Vier vilium nu, ad sön̄u, Drottin̄ ecki uppliuka vorum Munni, þvi þu giordir þad: Enn þegar vier siaaum þau saau Hveiti-Korninn, safnast burt i þijna Kornhlodu, þa verdum vier stadlausir, nær vier þeinkium hvad þa muni liggia fyrir Ognunum sem eptir eru, sem ættu, ef eptir Retti gengi, ad uppbrennast i Oslockvannlegum Elldi. Þvi fleigium vier oss nu flatir i Duptid, nidur fyrir þijna Myskunar Fætur, þu allrar Veralldarinnar Doomari! og bidium i JEsu Nafni! gior oss fullvissa um̄ þad, ad þu hafir ei giort þetta i þinni Reidi, i Tilliti til vor, so sem þu hefdir þess vegna burttekid þessa þijna elskulega Brudur, ad hun skyldi ei siaa uppaa þaa Olucku, sem yfir oss haangir vegna vorra Synda; helldur gief oss Vitnisburd þijns Anda, ad vier sieum Guds Børn, sem verki þad kroptuglega i oss, ad þetta Dæmi og Speigill, sem þu setur oss fyrir Sioonir i Dag, gaangi alldrei fraa vorum Hugskots-Augum, ad vier hier eptir þenkium alltijd um̄ vort sijdarsta, so vier ecki æfinnlega illa giorum. Laat vora Hrygd, ecki vera so sem þeirra, er hafa einga Von, helldur einn Vitnisburd þar um̄, ad vier sieum ecki Tilfinningarlausir þa þu tyytar oss! Bænheyr oss nu, himneski Fadir!

Fadir vor etc.

Þau

Þau gullvægu Lijfsins Ord, sem vier villium taka til Yfirvegunar vid þessa sorglegu Jardar-Før hefur H. Andi oss uppteiknud eftirlaatid, fyrir þad utvalda Naadarinnar Ker, H. Paulum Postula, og eru so hlioodandi, af hanns Pistils til Rom. 8. Cap. V. 18.

Eg held, þa Hluti, sem vier lijdum, nu a þessum Tijma, ecki verda þeirrar Dijrdar, sem mun verda opinnber vid oss.

Inngaangurinn.

MAnnsins Hugur, er Mannsins Styrkleiki og Dugur; Þvi Huglausu Hiarta, filgir jafnann Burdalaus Hond: Þegar Sauls Sonur heyrdi ad Abner var daudur i Hebron, þa urdu hanns Hendur Afllausar, og allur Israel skielfdist, 2. Sam. 4. v. 1. Hvilijkur einn er hvers Manns Faangi, sinn eiginn Ovinur, og ef einginn annar offækir hann, þa giørir hann þad sialfur. Soleidis er þvi varid, um alla Sorg og Gledi þessa Daudlegleika, ad hun er eptir þvi lijtil eda mikil, liett eda þung, sem þess er Sinni til, er hana ber. Mannsins Hugur kann þola hanns Siwkdoom, enn nær Hugur fellst, hvor kann bera þad? Prov. 18. v. 14. So orkvisast einn af litlum Averka, þar sem annar gefur sig ecki ad stoorum Saarum; Einn fyllist Kiæti af litlu Gledi Efni, odrum er hid meira, minna enn ecki neitt. Einn vanmegnast undir lettri Byrdi, vegna Dofinnleika, Atburdaog Vilia-leysis, annar jafnburda fleytir henni, eda þo þijngri sie, med minni Mædu,

sokum Kapps og Druggleika, Þvi jafnvel þott Þvilijkur einn falli, Þa fellst honum þo ecki Hugur. Gled Þig ecki, fyrir mijna Skuld, mijn Mootstodu Kviña (segir Zion:) Þvi nær eg er fallinn mun eg standa upp aftur, nær eg sit i Myrkrinu, mun DRottinn vera mitt Lioos. Mich. 7. v. 8. Margur er sær til þess i Huganum, sem Kraptarner eru ecki særir fyrir: Reynslann kiennir þad, ad einn Hugliitill og Lijtilsigldur, er ecki utann so sem ad hælfuleiti Madur, enn einn Frijgedia i Naud og Dauda er meir enn Madur: Þvi hvad er einn Lijtilhugadur? Hann er vanadur og varla Helmingur af Manni, uppkvonadur og ordiñ ad Konu, sem Jeremias segir um̃ þær Babyloniskn Kappa: Kapparner i Babylon hættu ad strijda, þeir voru i Festingunum, þeirra Styrkur er uti, þeir eru ordnir ad Konum, Jer. 51. v. 30. Eñ hvad er eiñ Frijgedia? Jeg sagdi hann være meir enn Madur; Þvi hañ er alltijd fulloruggur, sem Paulus segir, bædi um̃ sig og adra Heilaga. 2. Cor. 5. v. 6. Þetta kann nu betur ad siaast af lifandi Eptirdæmum:

A medal alls lijkamlegs Mootlætis, sem vier hofum vid ad strijda, og krenkir Natturu vora, og eydir hennar Kostum, er eckert skielfilegra enn Daudinn, sa sijdarsti Ovin: þo er þess mikill Munur, hvorninn Menn taka honum. Paull vill skiliast hier vid, og vera med Christo, og þad feginn, Phil. 1. v. 23. Enn Konungurinn Ezechias snijr sier til Veggiar med Opi og Kveinan, þegar hann heyrir, ad hann skal deya, og ecki lifa. Es. 38. v. 2. Hier er annad sart, enn annad Svidameira: Þad er sart, ad hiara vid Eymdirnar, enn Svidamikid, ad skilja vid þær, þar þess er ei Kostur, nema med þvi Mooti, Menn gangi i gegnum Daudann. Og ad Sonnu er þad Vorkun, þo Mannlega Natturu hrylli vid, ad drecka þann Bikar, sem sialfur Diofullinn i Fyrstunni byrladi, 2. Cor. 11. v. 3. Syndinn framreiddi enn Guds Reidi tildæmdi ad vier skyldum drecka, Gen. 3. v. 17. Enn Sokum þess ad þessi fyrsti Doomur, kann Omogulega ad rakast, inn til sijdarsta Dooms, og þad

er fäst innsiglad, ad vier, sem af Jordu komnir erum, skulum ad Jordu aptur verda. v. 19. Þa hæfir oss miklu framar, ad ihuga þaa Hluti, sem fyrir oss milda Forlaganna Reidi, og fraa oss eyda Daudans Kvijda, heldur enn miog ad styggiast, bistast og sturlast, af þessari vorri Harmanna Hlutdeild: Þviad i Sannleika eru allmargar Orsaker til þess, ad oss megi hedann langa: Einkum Diofulsins Umsatur og Ofrijki, Holdsins Astrijdur, og Veikleiki, Heimsins Otrygd og Falsleiki, Samvitskunnar Bøl og Orooleiki, Lijfsins Mædu og Erfidis Yfirfliootannlegleiki, Hrygdaña, Siwkdoomaña og Haaskasemdaña oflug Tilfelli og Ymislegleiki, og allra jardneskra Hluta Forgengilegleiki: Eñ umfram allt, su iñdæla Glediñar Vist, sem oss er bwiñ hiaa Gudi, i odrum Heimi, hvorrar eingiñ Mootlæting þessara Tijma verdug er, þvi hun er laangtum liettari i Vigtina, eñ su eilijfa Dijrdariñar Þijngd. 2. Cor. 4. v. 17. Ps. 17. v. 15. Ps. 34. v. 9. Þad er audraadid, hversu Sadningiñ muni verda Outsegiannleg, þegar alleinasta Smeckur þess Guddoomlega Sætleika i Trwadra Hiortum, hefur so mikinn Ilm og Krapt, ad hann sikrar alla Hrygd og Beyskiu þessa Daudlegleika, mijkir alla Mædu, og eykur alla Huggun, Traust og Fognud, og s:far Daudans Otta, Sorg og Beiskleika, so Guds Born skeita þar eckert um. Act. 20. v. 24. Og þad sem Naatturann af sijnum Ramleik, getur ecki stadist, fyrir utann sterkasta Ofbod, Hrelling, Vidbiood og Orvinglan, þad giorir Von og Tilhugsun eilijfrar Sælu eftirþreyannlegt: Þetta Guds Naadar Hlutskipti, fyrir H. Anda Giof, hafdi vissulega, jaa, audsiaaannlega odlast þessi sæla JEsu Christi Brwdur, su i Lijfinu Edla Velæruverduga og Gud elskandi Hofdings Kvinna Saal. Mad. Sigrijdur Sigurdar Dotter, yfir hvorrar framlidnum og blessudum Moldum vier nu stondum. Þar var Kallmanns Hugur i Konu Brioosti, Kona sem var Madur og meir enn Madur, jaa, fyrir Guds Krapt sterkari enn Lionid, Jud. 14 v. 6. sem hefur nu ein ellt Þusund. Deut. 32. v. 30. Hun hefur so sem su sama Moodir i Israel fordum unnid ærlegt Mañsverk og slegid Sissera i Hel. Jud. 4. v. 12.

4. v. 21. Postulinn Petur nefnir þad kvennlega Kyn, þad veikara Verkfæri. 1. Pet. 3. v. 7. Enn so sem þeir sterkustu Læknisdoomar, eru geimdir i veikustu og brothættustu Glösum, þeir dyrmætustu Hlutir forvarast, i og med, þeim veikustu, Kongsins Innsigli er aa einu Pappyrs-Bladi, sem hverki þolir Eld nie Vatn; So er þeim Almaattuga þad altamt, ad auglijsa sinn Guddooms Krapt i Veikleikanum. Vier berum vorn Fesiood i Leirkerum, so Yfirburdur Kraptarins sie Guds, og ecki af oss. 2. Cor. 4. v. 7. Vijntred er so veikt, ad ecki gildir ad brwka þad til Vita edur Mattar-Vidia i nockri Bygging, og þar er ecki Nagli aftekinn til ad hengia nockud uppaa. Ezech. 15. v. 3. Enn þo ber þad allra dijrmætustu Avexti, þa sætu Must, sem gledur bædi Gudi og Manneskiur. Jud. 9. v. 13. Þader: Bædi Ædri og Lægri: So hafa Avextir Dygdanna alltijd stadid i Blooma hiaa þessu Guds Barni, ollum til Gledi og Goods Eptirdæmis; So þoott einhvor hefdi ei viliad trwa Ordinu, kunni hann vel fyrir hennar gooda Umgeingni, aan Ordsins ad aavinnast. 1. Pet. 3. v. 1. I þessu var hun, (eda rettara ad segia, Guds Kraptur i þessu veika Keri) Ofreitandi, so þad var audsied, ad Guds Andi hafdi diupt grafid aa hennar Saal og Hiarta, þau Ord: Nær vier giorum Gott, þa þreitunst ecki, þvi vier munum aa sijnum Tijma uppskiera, ef vier þreitunst ecki. Gal. 6. v. 9. Og þeirra Utskript maattu allir heilskignir siaa i hennar Dagfari. Eckert Mootlæti gat hindrad hana hier fraa, þvi hun vissi ad hægri Hond hins Almaattuga, kunni þvi ollu ad umbreita, Hrygdinn mundi snwast i Fognud. Hun hellt og hafdi aaliktad med Paali i Textanum, ad þeir Hlutir sem vier lijdum nu aa þessum Tijma, eru ecki verdir þeirrar Dijrdar, sem mun verda opinnber vid oss. Þessi Fullvissa giordi hana Obifannlega i þvi ad leita þess Ohræranlega Rijkis, og Hughrausta, sem eitt ungt Leon. Og so sem Raun gaf Vitni, ad þessi Ord, og þeirra Meining, hefur henni alltijd verid i fersku Minni,

so vilium vier og i hennar Minning, taka þau oss til Eftirtekta, og af þeim athuga:

1. Þau Røk og Astædur, sem Postulinn færir til sijns Maals. Hann heldur það.

2. Þa Gullvægu Aliktan sem þar af flijtur. Þeir Hlutir etc. eru ecki verdir etc.

Þu sem oss ert af Gudi giørdur til Vijsdooms! Hialpa oss med þijnum Vijsdooms Anda, til ad yfirvega þetta, so vier lærum þar af, ad aalijta ecki framar þa synilegu Hluti, sem eru tijmannlegir, heldur þaa Osynilegu, sem eru eylijfir, so vier i Lijfi og Dauda høldum oss vid þann Osynilega, eins og vier hefdum sied hann! Bænheyr þad fyrir þinnar Forþienustu Sakir,
AMEN.

Lijfs-Historiann.

Hvott Verk giørdi hun aa mier, sagdi Jesus fordum, umm Konu þa sem smurdi hans Fætur. Marc. 14. v. 6. Og hvar helst þetta Evangelium verdur predikad umm allann Heim, mun þad sem hun hefur giørt, sagt verda i hennar Minning. Vier høfum og so ad minnast einrar goodrar Konu i Dag, sem hefur smurt JEsum i sijnum Limum, so hafi ei Høndinn

og Hyrdslañ gietad alltijd stadid opiñ fyrir þeim Naudstadda, þa var þo Hiartad, hvert Gud aalijtur, aldrei tillukt. Og mættum vier, eins og Simon, hafa Hiartnaña Rannsakara JEsum fyrir Bordgiest i Dag, mundi hañ sialfur uñ þetta Vitni bera, so veg nu sem fyrri. Þetta Dygdaña Ker hefur nu utþioonad, og er so eptir DRottins Bodi, sundurslegid, eins og þau sem brukud voru fordum til Þioonustugiørdariñar. Nu hefur Konañ brotid sitt Alabastrum, og Brotiñ liggia nu hier, geimd og huliñ i þessari Lijk-Kistu; Eñ skildi ecki, sem aadur, Ilmur Smyrslaña uppfylla allt Husid eptirleidis? Skyldi þess ecki vera gietid, i heñar Miñing, sem hun hefur giort? Vissulega: Ef þetta forsoomadist, væri þad stærsti Orettur. Villum vier þvi eptir christilegri og loflegri Sidvenju faatt eitt i Miñum vekia, uñ hennar afstadiñ Æfi-Hag: Gudi, fyrst og fremst til Dijrdar, sem nidurlagdi hiaa henni, soddañ Mañkostanna liggiandi Fe Henni til verdugrar Hroosunar; Og loksins, sier i Lagi þeim eftirþreyandi Astvinum, til Huggunar, Gledi og Eptirlætis, og loksins, øllum almennilega, til Uppørvunar i Æfingu þeirra Dygda, sem hun var med prijdd. Og er þa eitt lijtid Agrip hennar afstadinnar Æfi, so laatandi:

Su Edla Velæruverduga og Dygdumskrijdda Høfdings Kvinna Saal. **Sigrijdur Sigurdar Dotter**, sem nu liggur hier Lijk fyrir vorum Augum, er fædd i þennann Heim ad Skardi i

Langadal, iñañ Hunavatns Syslu, Anno 1712. Hennar Fadir var sa Stoorgøfigi og Nafnfrægi Høfdings Mann, Sigurdur, Son Biskupsins Hr. Einars Þorsteins Sonar, og Hustrur Inglbiargar Gisla Dottur. Foreldrar Biskups Einars voru, Sr. Þorsteinn Tyrfings Son, er hellt Hvañ i Nordurárdal, og Jorun Dottir Sr. Einars Þordar Sonar, sem lengi hielt Mela-Stad sudur, og átti Gudrunu, Dottur Marteins Biskups Einarssonar. Moodir Mad. Sigridar, var su Gudhrædda Høfdings Kvinna, Christin, Dottir Sr. Marcusar Geyrs Sonar, i Laufási, og Elinar, Dottur þess Nafnfræga og Ordhaga Skaalds, Sr. Jons Magnuss Sonar i Laufási. Enn Foreldrar Sr. Marcusar Geyrs Sonar voru Sr. Geyr Marcuss Son Prestur til Helga-Stada i Reykiadal og Steinun, Dottir Jons, Sonar Sr. Þorsteins Illuga Sonar i Mula, og Gudrijdar Arna Dottur, Magnuss Sonar, fraa Skridu i Reykiadal. Gengur þessi Ættleggur til Biskups Jons Ara Sonar, Arna Gislasonar a Hlijdarenda, Lopts Rijka a Mødruvøllum, og annara Gøfugustu Manna hier a Landi, sem ecki synist Þørf, framar sieu upptaldir i þetta Sinn.

So snart þessi Saal. Høfdings Kvinna Sigrijdur Sigurdar Dotter var fædd i þennann Heim, letu hennar Goodfrægu Foreldrar sier fyrst og fremst uñhugad, ad þessi sijn kiæra Dottir mætti innplantast fyrir H. Vatns Skijrn þvi sanna Lijfs-

 sins

sins Trie, HErranum vorum JEsu Christo, hvad og skiedi fyrir Ptoonustu þa verandi Sooknar=Prests til Blondudalshoola og Hol, tastada Safnada Sr. Jons Saal. Biarnasonar; Enn hier vid stood ecki þessarar Saalugu Høfdings Kvinnu Goodfrægu Foreldra Umhyggia, heldur var þeirra sierdeilis Astundan, ad innræta hiaa henni christilegann Lærdoom, Guds Otta, gooda Sidi, Forsioon, Framkvæmd og Idkun þeirra Hluta, er hun i, og eptir sijnu Standi, sijdarmeir kynni medþurfa. Uppoolst hun so i Husum sinna elskulegra Foreldra, med Sæmd og Sooma, inn til þess almaattugum Gudi þocknadist, ad hun inn skyldi gaanga, um Haustid 1736. H. Egtaskap, med Systkyna Barni sijnu, Edla og Velvijsum Oddi Saal. Magnuss Syni, Kongl. Majst. Landþijng-Skrifara, Sijslumanni i Hegraness Þijngi, og Reinines-stadar Klausturhaldara. Blessadi Gud þeirra Egta Sæng, med einu Sveinbarni, Einari, er bar Nafn Moodur-Afa sijns, hvorn DRottinn til sijn kalladi 8. Daga gamlann. Nu sem þessarar Saal. Høfdings=Kvinnu Yndis og Luckn-Sool var, so ad segia, nij-upprunnin, dreo fyrir hana aptur svart Sorgar Skij, i þvi ad vor HErra syndi, ad Christs Børn eru Kross Børn; Þegar, hier um haalfu Ari lidnu, nefnilega: Þann 10. Jan. 1738. burtkalladist, fyrir Saaluhiaalplegann Dauda, Velnefndur Syslumadurinn, so hun, i Fardøgum næstu, maatti flitia sig fraa Klaustrenu, ad Foostur-Jord sinni Skardi.

Hun hafdi nu, sem Eckia, ecki einasta eptir Einka Syni, heldur eptir Goodum og Merkilegum Egtamanni, ad siaa, Jaa, eptir sijnu haalfu Lijfi: Enn Gud, sem telur Taar sinna Barna og færir þau undarlega, eptir sijnu Vijsdooms og Myskunar Raadi, hann bætti svo Bøl hennar, ad Arenu eptir, þann 20. Sunnudag eptir Trinit. inngieck hun H. Ektaskap, med þeim Velæruverduga Guds Manni Sr. Stephani Olafs Syni, Sooknar-Presti ad Hoskulds-stødum; Lifdu þau samann i þessari H. Stiett 9. Ar, og aa med-aum blessadi Gud þeirra Hioona-Sæng med 2. Sonum, þeim Eldra Gøfigum og Velvlisum Studioso Iuris Oddi, og þeim Yngra, Æruverdugum og Miøgvellærdum Studioso Theologiæ Atteſtato og Conrectori hier vid Doomkyrkiunnar Skola, Sigurdi, baadum eptirlifandi, og Hiartanlega þreyandi þessa sijna Elskulega Moodur.

Nu þocknadist DRottni, enn ad niju, ad byrla þungañ Sorgar Bikar þessum sijnum Astvin, Nefnilega: Fyrir christilegañ Afgaang ad burtkalla hennar Egta-Mann Sr. Stephan um̃ Vorid 1748. Og þa þessi Sorgar-Baara reis, kom, innañ faarra Vikna, Auñur, þegar hun maatti siaa aa Bak sijnum Elskulega og Goodfræga Fødur. Sitt Naadar Ar, enn þo rettara ad segia, Sorgar Ar, hielt hun samt Bw ad Hoskuldsstødum, ad hveriu lidnu, hun flutti sig enn ad niju ad Skardi, og bioo þar, til þess um̃ Vorid 1757. Hun braa Bwskap þar, og flutti sig ad Biskups-

Stool-

Stoolsins, til Naunga sinna, Hæædla og Hææruverdugs Hr: Biskupsins Gisla Magnuss Sonar, og sinnar Heittelskandi, eñ nu særlega Preygiandi Systur, Frur Ingibiargar Sigurdar Dottur. Eptir so marga Mædu Stund, endudust nu loksins hennar Striijds-Dagar þann 23. nærstlidna Augusti Mææadar, eptir þad hun hafde ecki fulla Viku vid Rumid haldid, medtekid, skøm̃u ædur eñ hun sæladist, þad hæverduga Altarisins Sacramente, og med siifeldum og innilegum Andvorpunum, befalad Sææl sijna Gudi i Hendur.

Hvad þessa Guds Astvinar Dagfari og Hættsemi vidvijkur; þa eru þad eingar Øfgar, heldur Almenningi kunnugt, ad hun var Munstur sijns Kyns. Foreldrum sijnum Hlijdiñ og Elskuleg; Siña Egta-Manna Aunnur Hond, þad hææfa Lijf, Hussins Prijdi, sijnum kiæru Børnum og Stiup-Børnum hugul og elskuleg Moodir, innrætandi þeim Guds Otta og gooda Sidi, giørde øllum Gott, er til hennar nææu: J sinni Um̃gengni var hun hin Sidprudasta, J Avarpi vid Ædri og Lægri Menn, Liuf og Goodgiørn, i Skiptum Sannsyn, Voludum og Þurftugum i Ordum og Utlætum Hiælparsøm, og med Elskufullri Alud þeirra Hag stidlandi. Soñ Gudhrædsla, þessar og fleiri Dygdir, orkudu þess, ad hun var sierdeilis elskud af Foolki, sem til hennar þeckti, hvad og nu ei allijtid mææ sakna, og i Raun og Veru saknar, þessarar blessudu Konu. Enn Gud veri þess eilijflega lofadur ad hun hefur Strijdid utendad,

þes

behaldid Trunni, og Truarinnar Verdlaunum, þvi eilijfa Lijfi, þeirri Naadargiøf i DRottni vorum JEsu Christo, sem nu afþurkad hefur øll hennar Hrygdar Taar, og fyrir stundlega Mædu (fyrir Krapt þess hærsta, henni liettbæra) begaafad hana med, yfir allann Maata vigtugri Þijngd eilijfrar Dyrdar, AMEN.

Textans Utskijring.

EF vier vilium yfirvega Oforgengilegleikañ, at medann þetta forgengilega iklædist honum ecki, þa finnum vier strax fyrir oss, eitt Botnlaust Afgrunn, sem einginn Takmork hefur, so allir Saalarinnar og Hugskotsins Imindunar og Innbyrlingar Kraptar verda Afl-vana, og þad lijtid sem oss grillir til, er alleinasta so sem Skuggi wr einum Spegli, og so sem ein Gaatd, hvoria vier getum ecki raadid, og ecki verdur wtløgd, nema med Owtsegiañlegum Ordum, 2. Cor. 12. v. 4. sem vier grijpum ecki i þessu Lijfi, utann Guds Børn faa so arid med Guds eiginn Kvijgu, fyrir H. Anda Upplijsing, sem þeim nægir til Saaluhiaalpar, med þvi þau gefa Skilninginn faangiñ undir Hlijdni Christi, Cap. 10. v. 5. Vier kuñum ad upplysa þetta nockud framar, af þvi sem vier siaaum med vorum sliooffsygnu Augum, a Himnenum og Jordunñe, og berum þad samañ. Hvad er þa Jordeñ, sem vier aastøndum i Samañburde vid þañ sijnelega Himen? Hun er jafnt ad reikna vid eiñ Punkt, þvi Meñ fiña, ad Stiørnurnar, sem oss Jafnvel sijnast med þeim minnstu, eru mørgum Hundrad Portum stærri enn Jordinn, hvoria vier saaum þo ecki til fulls kannad; Enn hvad lijtid Plaats, taka þar Stiørnurnar af, fyrir vorum Sioonum, a Himninum, nær vier skodum hann

i sinni Vijdd og Breidd? Og ef vorir Þankar gefast fyrri upp, enn þeir geti gupnad yfir þessu Naatturlega sem vier siaum, og forgengilegt er; Hvad miklu framar skal þa þad Osynelega, og Oforgengelega, yfirgaanga allañ Skilning? Hvad er þa eiñ lijtell beiskur Drope? (þad er allt Mañlegt Mootlæte, sem vier lijdum NU,) Hvad er hann? Segi eg: Nær hann fellur i Takmarkalausa Hafstrauma, af framstiootandi Mioolk og Hunangi? Hvad verdur þar af hanns Beiskiu? Hvad er þessa Lijfs Beiskia i Samjofnud vid þann eilijfa Sætleika, Dijrd og Fognud? Hun er, til ad jafna, minna enn eckert: Þetta sama er þad sem Postulinn ályktar, i upplesnum Texta; Af hvorium vier hofum ad athuga, eptir ædursogdu

I.

Hvorla Roksemd og Astædur hañ færir þar til.

Eg helld þad, segir Páulus. Hier sijnir Postulinn sig einn Meistara til ad disputera (eda sundurkliwfa Sannleikann, og greina Rett fraa Raungu) sem dregur sijna Alyktan, og byggir a visðum Rokum, sem Omogulega geta brugdist. Hann sijnir sig undir eins þann betsta Reiknings Meistara, sem uppfær af sijnum Reikningi rietta og visða Summu, leggur so, eins og goodur Virdinga Madur, hvad a mooti odru i Metaskaalirnar, og dæmir so um sierhvors Verd og Vigt; Og þegar hann hefur alla Hluti vel yfirvegad og vegid, eptir Helgidoomsins Vog og H. Anda Vitnisburdi, þa virdir hann eingann Hlut til jafns vid þad eilijfa: Oll Rijki Verallldarinnar og þeirra Dijrd verda ofliett. Saa Drambsami Babylonis Konungur i siñi stærstu Prakt og Heimsins Unadsemd, maa heyra þessi Ord: TEKEL, þu ert veginn i Metaskaalum, og fundinn ofliettur. Dan. 5. v. 27. So liettvægt er allt þetta Tijmannlega! Þad

er Oekta Gull, Oekta Perlur, sem glansa alleinasta i Augunum, synast nockud; enn eru þo eckert. Salomon skrifar undir þessa Byrdingu med Pauli: Hann hafdi noog Metord og Rijkdoom, þo hefur þar alldrei eptir nockurn Fatækling sieſt lijtilfiorlegri Byrding, enn ſw ſem Predikarinn leggur a allt þetta, bædi fyrst og seinast: Þad er allt samann Hiegoomi, þad er alltsamann Hegoomi, segir Predikarinn, Eccl. 1. v. 2. Cap. 12. v. 8. Og eg, eg veit ad øll Guds Born skrifa glød undir med hønum; Þvi hvad stodar þad Manninn, þo hañ avinni allann Heiminn, enn lijdi Topun sinnar Saalar, Matth. 16. v. 26. sem ecki kostadi þad Hegoomlega rauda Gull, helldur þad rauda JEsu Blood, 1. Pet. 1. v. 19. Þeir Ogudlegu munu og so um sijdir kannast hier vid, enn allt offeint. O Herra Gud! Mættum vier heyra hvad sa Rijki villdi alykta hier um, NU, eptir þad hann er kominn ad Reynd um, hvorsu allt hanns Eptirlæti hefur (eptir Salomonis Ordum, Prov. 23. v. 5.) giordt sier Vængi, sem eiñ Orn, þar flygur til Himensins. Enn Paulus, hañ er nu þegar aldeiles viſs i siñe Alyktan og Medhallde, og er þad vijst, ad hønum slær eckert Feil i þessu; Hann hafdi sialfur verid uppricktur i Þridia Himin, og heyrt þar Oumrædileg Ord, 2. Cor. 12. v. 4. Og Himiniñ aptur, fyrir H. Anda Upplijsing, so sem ofannrycktur i hanns Hiarta: Hann er nu ecki galinn, helldur enn adur fyrri, þa hann taladi vid Festum, Act. 26. v. 25. Helldur talar hañ Sannleikann, og heilvita Manns Ordum. So vier kunnum ad hafa vissañ Grundvoll Lærdoomsins, i vorum Saaluhiaalpar Efnum.

Þetta Medhalld og Fullvissa Postulans, stendur nu ecki a volltum Fæti: 1. Er þad ecki uppdiktad wr Mannlegum Heila, so þad kunni ad heita Manna Lærdoomur eda Bodord, med hverium Gud verdur forgefins Þiirkadur. Matth. 15. v. 9. Ecki helldur 2. Nockur raung Mein-

 ing,

ing, eda Innbirling, eins og þeirra sem Lijflietu Postulana, þeir meintu sig ad giora Gudi þægt Verk, Joh. 16. v. 2. Ecki 3. Ein Ot-Gata, eins og þa fávijs Madur, wti Loptid, getur uppaa eina Gatu Greindarlaust, og veit þo ei helldur, eptir enn adur, hvad siu myrkva Ræda hefur ad þijda. Pad er ei helldur 4. neitt Glæru-Skin, sem hann gengur eptir, af þvi hönum synist so, eins og Moabitum syndist Vatnid vera Blood, þa þeir aattu undir Sool ad siaa, um Morguninn er hun upprann, og þeir sogdu: Pad er Blood 2. Reg. 3. v. 22. Pannig urdu þeir daaradir af sijnum innbyrludum Missyningum, og med vidlijka Hætti, verda marger sviknir af sijnum innvortis Painka, eins og Ephraim, sem fæddi sig aa Vindi. Os. 12. v. 2. Loksins er þad einginn Draumur, sem Postulinn stidur sig vid; Eins og þann hwngrada dreymir, og siaa: Hann etur, og nær hann uppvaknar, þa er hanns Saala toom, eda eins og þegar þann þyrsta dreymir, ad hann þykist drecka; Enn þa hann uppvaknar, siaa: Hann er þreyttur, og hanns Saala þyrst. Es. 29. v. 8. A vidlijkum uppdiktudum Rokum, er nu byggd su innbirlada dauda Trw þeirra Vantrwudu, hverium Evangelium er ein Heimska; Um þa maa segia, þad sem JEsus sagdi fordum vid þa Samarisku Konu: Pier tilbidied þad þier vitid ecki. Joh. 4. v. 22. Eda vid Moodur þeirra Zebedæi Sona, Matth. 20. v. 22. Pier vitid ecki hvors þier bidied. So gengur Holldlegur Madur, so sem aa Noottu, og steitir sig, þviad Liosid er ecki i hönum. Joh. 11. v. 10. Hann er fyrir utann Lampa Guds Orda, Ps. 119. v. 105. Og þoott hann kunni og viti allt Guds Ord, þa upphefur hanns eiginn Skynsemi sig aa mooti Guds Peckingu. 2. Cor. 10. v. 5. Og aalijtur so alleinasta þa synilegu Hluti. Pessa Heims Born eru ad sonnu kiænari Sonum Liossins i sinni Kynslood, Luc. 16. v. 8. Enn þad er alleinasta i þvi sem tilheyrir þessa Heims Vijsdoomi; Og laatum einn Holldlegann Mann Oendurfæddann, vera so vijs-

einn sem Salomon, og kunna ad skrifa og tala um̃ Tren, frá Cedrus sem er i Libanon, til Isops sem wtvex i Veggnum, um̃ Dijrinn, Fuglana, Ormana og Fiskana, 1. Reg. 4. v. 33. Hann kann ad vera einn Meistari i Israel, Joh. 3. v. 10. Enn hann veit þo ei þetta: Nefnelega: Hann skilur þo ecki Evangelium, sem er Speki Guds i Leyndardoominum. 1. Cor. 2. v. 7. Af þvi hefur sa Ogudlegi ecki Vit, helldur enn Svijn a Perlum, eda Hundar a Helgidoomum. Matth. 7. v. 6. Hann kann vel ad vera Rannsakari Veralldar þessarar; 1. Cor. 1. v. 20. Enn vera þo Onijtur Rañsooknari Ritninganna; Joh. 5. v. 39. Þvi Uppruninn af Hædum er kominn til þess, ad lijsa þeim sem sitia i Myrkrunum og Daudans Skugga, Luc. 1. v. 79. Enn ecki so þeim, sem eru ad grufla i Gullnamunum eda Grafa-Lystinni. Hann skeytir ecki um̃ annad enn hafa sinn Kvid fullann af Fiarsioodum, Psalm. 17. Og forlysta þar vid þau wtvortis Skilningar-Vit um̃ Stundar Sakir; Enn af þeirri Hiartans Gledi veit hann eckert, sem Gud gaf David, fram̃yfir þa sem þeir hỏfdu, þann Tijd þeirra Korn og Must voru margfold. Ps. 4. v. 8. Þo hann kunni ad tala um̃ soddann Gledi, eptir þvi sem hann hefur heyrt eda lesid, þa er þad eins og Caiphæ Spaadoomur. Joh. 11. v. 50. Eda sem þa Bileams Asna taladi. Num. 22 v. 28. So hefur einn natturlegur Madur einga fullkomna Vissu um̃ Christinndoomsins Frelsi, hans Froodleikur kemst alldrei leingra enn i Minnid og Munninn, enn Sannleikurinn kemst alldrei inn i Hiartad so kroptuglega, ad þad verdi gagntekid af fullkominni Yfirbvijsingu, til ad Fridstilla Samvitskuna, i ỏllu Utvortis og Innvortis Strijdi; Þvi þar til hialpar einginn Speki, einginn Kunst, utann þad eina Naudsijnlega, nefnelega: Ad hann hafi lært ad hallda alla Hluti Þreck ad vera, hia Ypparlegleika Þeckingar DRottinns JEsu Christi, so hanns Trw sie ecki i Mannanna Vijsdoomi, helldur i Guds Krapti. 1. Cor. 2. v. 5.

Med þessu helldur nu sa einn af Alvoru, sem hefur reynt ad hafa Frid og Fognud i H. Anda, og er ordinn þess Eigandi. So sem sw dijrmæta Perla, þeckist betst af þeim Kaupmanni, sem hana fann, og seldi allt hvad hafdi og keypti þa somu. Marc. 13. v. 45. Eins eru þau sønnu Guds Børn. Þad veit einginn, hvad Hugarlaatleg Astsemdar Atlot, Brwdguminn sijnir sinni allra kiærustu Brwdur, nema hun ein, sem hvijlir aa hanns Armi, er hennar Hiarta elskar. Hvilijkum verdur gefid ad eta af þvi hulda MANNA, og einn Steinn hvijtur, og aa Steininum nijtt Nafn skrifad, sem einginn þeckir, nema saa þad medtekur. Apoc. 2. v. 17. So eru þa Guds Børn aldeilis viss i sinni Sok, og um̃ hennar Utfall: Þau hlaupa ecki so, sem upp aa þad Ovissa, og slaa ecki sem saa er i Vindinn slær. 1. Cor. 9. v. 26. Eins og saa sem aa Skeid-Flotinn kemur, hann veit ecki nema annar verdi fliootari og naai Hnossinu, hann veit ei helldur hvad dijrt þad er, þo hann naai þvi; Eda einn Holmgaungu Madur, sem gengur til Einvijgesins aldeilis Oviss um̃ þad, hvort hann muni vinna: Enn Guds Børn eru fullørugg, og fyrirfram̃ yfirbevijsud um̃ Sigurinn, og kunna þvi riettilega ad segia med Postulanum: Eg helld, Eg aalikta, giori og dæmi þad fullkomlega, so sem aldeilis Omootmælannlegt. Eg veit hvorium eg hefi trwad og er viss um̃, ad þad sem eg hefi hønum aa Hendur falid, er hann maattugur ad vardveita til þess Dags. 2. Tim. 1. v. 12. I þessari Trw er eitt Guds Barn langtum vissara, enn þeir 700. ørfhendtu voru fordum i sin̄i List: Þeir kunnu ram̃a eitt Haar. Jud. 20. v. 16. Þetta er nu ecki einasta satt, helldur maa þad heita meir enn satt; Þad syner Paulus seinast i þessum sama 8da Cap. til Romveria, þegar hann telur fyrst upp þær margfølldu Mam̃raunir Guds Barna, og loksins innibindur þær allar i einu Ordi, segiandi: Ad vier sieum deyddir allann Daginn, og reiknadir sem Slaatrunar Saudir; Og

sijdann

sijdann alyktar hann: J øllum þessum Hlutum **meir** enn yfirvinnum vier, fyrir hann sem elskadi oss; Þvi er eg **Fullviss** um̃, ad hvorki Englar edur Høfdingia Stiettir, nie Makt, hverki þeir nærverandi Hlutir, nie þeir eptirkomandi, hverki Hæd nie Dypt, eda nockur ønnur Skepna, mune geta skilid oss vid þann Kiærleika Guds, sem er i Christo JEsu Drottni vorum; Þetta er nu **meir** enn Sigur, og um̃ hann eru Guds Børn, sem ecki sia og trwa þo, **meir eñ fullviss**, þvi þau glediast (hier i Lijfi, midt i Hørmungunum) af Owtsegiannlegum og Dijrdlegum Fognudi. 1. Pet. 1. v. 8. Þad er **meir** enn Fognudur. Þessa vissu Meining og Medhalld Grunndvallar Paulus og øll Guds Børn med hønum a Obifanlegum Rokum. Sem eru:

1. **Guds Ord og Fyrirheit;** Vid þad stidur sa Trwadi sig, so sem þad væri eiñ þreifañlegur Stafur i hanns Høndum, Ja, reidir sig þar uppa, so sem sinn Skiold og Pansara. Psal. 91. v. 4. Þvi Trwinn er Undirstada (Vera) þeirra Hluta, sem Madur vonar, stadfost Yfirbevijsing þeirra Hluta, sem ecki siast. Ebr. 11. v. 1. So hann heldur sier fast vid þañ Osynilega, eins og hañ hefdi sied hañ. Ibid. v. 27. Hañ **helldur** vijst ad JEsus Christur, sem hønum er predikadur, er ecki Ja og Ney, helldur er Ja i hønum, þvi so mørg Fyrirheit Guds, sem eru til, eru Ja i hønum, og Amen i hønum, Gudi til Dyrdar fyrir oss. 2. Cor. 1. Hañ **helldur** fyrir **vijst**, ad Gud er **Allmattugur**. Þad var Abrahams Trw; Hann veikladist ecki i Trwnni, hann efadist ecki um̃ Guds Fyrirheit med Vantrw, helldur styrktist i Trwnni, gefandi Gudi Dyrdina, og **Fulltrwa** um̃ þad, ad þad sem hann hafdi lofad, var hann mattugur ad giøra. Rom. 4. v. 19. So þott Guds Børn geti ecki sied eda upphugsad nockur Lijkindi til Hialpar, þa **halda** þau, sem er, ad Gud kann alla Hluti yfirgnæfañ=

annlegar ad giora, eñ vier kunnum ad bidia edur skynia. Eph. 3. Og getur vissu- lega frelsad, þo þau være nidursockinn i Afgrunnid, i Hvalfiskins Kvid, þann gloande Ofn, eda i sialfañ Daudann. Hañ kallar ut þadann med Valde, þeg- ar honum þocknast; Kom hijngad ut. Joh. 11.

Hann heldur þad vijst, ad Gud er Trwfastur og Sannordur: Þad var Saru Trw, þad er, Omøgulegt ad Gud kunni ad liuga. Ebr. 6. Þvi hrædist hann hverki Eld nie Vatn, eda nockurn Hæska, heldur vedur þar Ohræddur uti, þa so ber undir, eins og Jsrael uti Hafid, i DRottins Zebaoths Nafni, sem sagt hefur: Ottast ecki, Jsrael, þvi eg endurleysti þig og kalladi þig med Nafni, þu ert minn; Þegar þu gengur i gegnum Vötninn, vil eg vera hiaa þier, og i gegnum Straumana, þa skulu þeir ecki dreckia þier; Þegar þu gengur i gegnum Eldinn, þa skal hann ecki brenna þig; og Loginn ecki fortæra þier, þvi eg er DRottiñ þiñ Gud, Jsraelis heilagur, þinn Frelsari. Es. 43. v. 2. Eg er hiaa honum i Neydinni, og skal frelsa hann og giora hann til Vegsemdar. Ps. 91. v. 15. Saa sem þessu hefur lofad, hañ er Trwfastur, og mun giora þad. 1. Thess. 5. v. 24. Vid þessa Guds Trwfesti helldur saa Trwadi sier Daudahaldi, þo hann taki aldrei so mørg Andkof Mootlætinganna, so sem annad Saalariñar Akkeri Ohult og stadfast. Ebr. 6. v. 19. bædi i Lijfi og Dauda.

Enñ framar heldur Paulus og sierhvør Trwadur med honum, ad Gud er Nadugur og Myskunsamur, og þess vegna vill þeim allt hid besta; Eg vil giora einn eilijfann Sattmaala vid ydur, sem eru Davids Trwfastar Myskunsem- dir. Es. 55. v. 3. Hañs Myskunsemi er mikil. Ps. 136. v. 7. Hann er Fadir Myskunsemdanna, og Gud allrar Huggunar. 2. Cor. 1. v. 13. Fyrst hann er nu so Myskunsamur, so vill hann giora þeim Trwudu Gott, so þott vier værum vijsa

ri enn Salomon, hofum vier ei Vit a, ad æskia oss so Goods, ad hann unni oss ecki annars miklu betra; Þvi hofum vier i ollum Tilfellum Orsok til ad hroopa upp med Psalma Skaldinu: Verdi ætijd hvad vill minn Gud, Vilie hanns er jafnann hid besta, etc. Þetta hafa allir Guds Menn halldid, og þess vegna gef-id sig fangna undir Guds Vilia, hversu sem þeim hefur fundist hann mootstrij-da þeirra Natturlegum Vilia: So giordi Eli, þegar Samuel gaf honum til Kynna þa hrædilegu Guds Dooma yfir hanns Hwsi, þa draup hann nidur, segiandi mootmælislaust: Hann er DRottinn, giori hann hvad honum Gott synist. 1. Sam. 2. v. 14. Eins var David sinnadur: Ef DRottinn segir so; Eg hefi ecki Lyst til þijn, Sia: Hier er eg, giori hann vid mig hvad hann vill. 2. Sam. 15. v. 26. Þar fyrir temium oss þad Ordtak, eptir vorum Meistara. Ecki minn, helldur verdi þinn Vilie. Matth. 26. v. 39. Og i ollu voru Asformi: Ef vier lifum, og ef Gud vill, vilium vier framkvæma þad, eda þad. Jac. 4. v. 15. Ja, i ollum Tilfellum, þa segium med Paule: Verdi Vilie DRottins. Act. 20. Hvort þad gengur med eda moot, þo Lijkamiñ sie siwkur, Hiartad Sorgfullt, og vier kunnum ecki ad fa vorn Vilia, þa keppunst vid, ad lata Guds Vilia vera vorn Vilia, so fedur alldrei þad sem vier ecki vilium. Þvi þar sem sa Nadugi Gud finnur soddann Sinnislag, þa kann hann Omogulega annars enn mykuna, hanns Myskunar Ydur bresta sundur i honum, so þar hlijtur ad ganga ut af þeirri himnesku Radstofu þetta blessada Ord: Verdi þier so sem þu villt. Latum þvi Gud rada! A þad minnir hann sialfur: Latid mig rada fyrir mijnum Bornum, fyrir minna Handa Verki. Es. 45. v. 11. Holdum þad fyrir vijst, ad Gud mundi alldrei lijda sijnum Bornum tilfielli hid minnsta Illt, ef hann væri ecki so matt-ugur ad hann giæti, so Myskunsamur, ad hann vildi lata alla Hluti þiena þeim til gooda sem hann elska.

Lof=

Lofsins er þad ecki litid til ad styrkia Fullvissu og Medhald þeirra Trwudu ad Gud er Alvitur. Þo þad kunni til ad bera Menniruir geti eda vilie, þa vantar þaa stundum Vitid, og þarf þa ecki ad vanta meira. Su elskulega Moodir hefur kannskie eitthvad til, sem þienar hennar siwka Barni, þar med vill hun fegin hiwka þvi, enn hun veit ecki hvad þvi er hentugast og hollast, eda at hvoria Hlid ina þvi er hægra ad liggia, giorir þvi so, kannske, Oviliandi Illt fyrir Gott, eda situr grætandi og Adgiordalaus. Og med soddann Mooti kann hun ad segiast ad gleima siinu Barni, Avexti siins Kvidar. Es. 49. v. 15. Enn Guds Born eru teiknud i bædum hans Hondum, hvert helldur þau sitia edur standa, veit hann þad, og skilur þeirra Þanka aleingdar. Ps. 139. v. 2. So han veit ad frelsa þau Trwudu fraa Freistinguni. 2. Pet. 2. v. 9. Og ad lækna allra þeirra Meinsemdir. Ps. 103. Þetta allt er Postulanum i fersku Mini, og styrkir hans Medhalld. Hvad han og framvegis byggir

2. A heilags Anda Vitnisburdi, sem ber Vitnisburd vorum Anda ad vier sieum Guds Born; Enn ef vier erum Born, þa erum vier Erfingiar Jaa, Erfingiar Guds og Samarfar Christi. Rom. 8. v. 16. 17. Oll H. Guddomsins Þrenning yfirbevijsar þetta Guds Bornum, og ber þar Vitni um i þeirra Hiortum. Sannlega segi eg þier: Vier segium hvad vier vitum, og vitnum hvad vier sied hofum; Sagdi JEsus bædi um sig sialfann, Fodurinn og H. Anda. Joh. 3. v. 11. Tveggia Manna Vitni er satt: Eg er saa, sem vitna um mig sialfann, og Fadirin sem wtsendi mig, vitnar. Cap. 8, 17. 18. Er saa trwi Vottur. Apoc. 1. v. 5. H. Andi vitnar og yfirbevijsar Samvitskuna, þad er hanns Embætti, og þar uppaa er hann sialfur eirn Pantur og Festipeningur. Hier megum vier nu rettilega segia: Hvad þurfum vier nu Vitnisburdinn lengur? Þvi ef vier medtokum Mannanna Vitnisburd (sem opt kann ad bregdast) þa er Guds Vitnisburd-

burdur meiri. 1. Joh. 5. v. 9. Og Gud giæfi! JEsus hefdi ei Orsok ad klaga yfer oss, sem aadur fyrre: Vorn Vitnisburd medtakid þier eigi. Joh. 3. Hvad vitnar hann þa? Ad vier sieum Guds Born: Þad er sialfsagt, ad hann er vor Fadir, so vier megum Ohikad bidia hannum vora Naudsyn: Og hvad segi eg? bidia: Vier hofum þa fullann Rett til ad krefia og sækia hann um vorn Arf, so sem annad Vita-Fe, þvi þad er Vita-Fe er Vottar vitu: Nu hefur hañ vitnad og yfirbevijsad sialfur, um sitt Faderni, og þegar hann sialfur, og vor Samvitska eru Vottar þar ad, þa filgir þad aa eptir, ad hann er oss skyldugur um alla Fódurlega Adhiwkun, bædi i andlegann og lijkamlegann Maata, eptir sijnu eginn Fyrirheiti, sem ei kann ad bregdast. So sem Fadirinn er Bornunum Lijknsamur, so myskunar DRottinn sig yfir þaa sem hann Ottast. Ps. 103. v. 13. Megum vier so med þvi stærri Diorfung gaanga fram fyrir Naadar-Stoolinn, til ad heimta Skuld vora. Saa sem finnur sinn Overdugleika ofstooraun hier til, sem vera maa og vera ber, hann athugi, ad þad er ecki rettur Arfur sem ecki fæst Ofor, skuldad, so þegar þad er Arfur sem vier hofum eptir ad gaanga, þa var ecki Von, vier mundum hafa forþenad hann. Einn annar hefur unnid fyrir honum, nefnilega: Christur, þegar hann erfidadi i vorum Syndum. Es. 43. v. 24. Þvi segir Paulus um þaa sem eru Christi, ad þeir sieu Erfingiar eptir Fyrirheitinu. Gal. 3. v. 29. Enn ecki eptir Logmaalinu. Her erfa Guds Born ecki eiñ Daudañ, sem almennilega skedur, heldur einn Lifandi, sem lifir eilijflega. Apoc. 1. v. 18. Og Gud hefur endurfædt þau til hiñar Ovisnannlegu Arfleifdar, ecki einasta fyrir JEsu Dauda, heldur og fyrir hañs Upprisu fraa Daudum. 1. Pet. 1. v. 3. 4. Þessi Arfur er nu meir enn lijtid eitt, þvi hann er aldrei minni, enn heillt Kongs-Rijki. Þeir fatækustu i þessum Heimi, eru eins, þar fyrir Rijkisins Erfingiar. Jac. 2. v. 5. O hvad glediileg skal su Raust verda aa sijdarsta Degi? Komid blessadir

mijns

mijns Fødurs, og eignist þad Rijki, sem ydur var tilbwid fraa Upphafi Veralld ar. Matth. 25. v. 34. Allt þetta er nu ecki lijtid til ad styrkia Guds Børn i sinni Meiningu um Fullvissu þeirra eptirkomandi Giæda, og giøra þau fullørugg i øllu Andstreimi.]

3. Þaa Þridiu Roksemd, aa hvørri Postulinn grundvallar sijna stadfasta Meining og Medhalld, hefur hann tekid af JEsu eigin Dæmi, hvør ed fyrir Pijsl Daudans var med Dijrd og Heidri Coronadur. Ebr. 2. v. 9. Og sijdan af Dæmi allra Heilagra, sem eptir wtstadid Strijd og Þreingingu i Heiminum, standa frammi fyrir Stoolnum, med Paalmavid i sijnum Høndum, skrijddir sijdum hvijtum Klædum. Apoc. 7. v. 9. Þad er og vel merkiandi, ad Paulus giørir soddann Aliktan, þegar hann maatti sialfur, hvad allra mest lijda, fyrir JEsu Nafns Sakir og Evangelii: Þad maa eitt Guds Barn færa sier i Nyt, i sinu allra hardasta Strijdi, og saarheitustu Freistingum, ad þau eiga Von aa himneskri Fagnadar Sælu, og skulu midt i Daudanum, sem Stephanus, siaa Jesum standanda til Kraptarins hægri Handar, ecki einasta reidubwinn þeim til Hialpar, heldur mooti þeim takandi, og hiaa sier setiandi, aa sinn Stool, hvar þau munu samlijk verda hans dijrdarlegum Lijkama, og siaa hann so sem hann er, um alla Eilijfd Eilijfdanna. Þetta hallda þau viist medann þau hiara hier i þessu Lijfi, sijdann skal Reynslann kienna þad satt ad vera, þa þau faa Trwna i Hendurnar. Hvør sem finnur nu þessa Fullvissu hiaa sier ad vera veika, hann bidie af Gudi, sem gefur øllum einfalldlega, og bregdur eingum þar um, og hun skal veitast hønum. Jac. 1. v. 5. So hann læri i Tijma ad giøra sijna Utvalningu vissa.

Þessa Astgiøf hafdi Gud veitt, þeirri Sælu JEsu Unnustu, Saalugu Sigridi Sigurdar Doottur, (til hvørrar eg vil þetta heimfært hafa): þad

 synd

fyndi hun, med sijnum alþeckta Stødugleik og Umburdarlyndi, i øllum Tilfellum, hvert helldur geck med eda moot. Nærsta Olijk þeim, sem i Medlætinu slaa vid Bakinu, og gleima Gudi sem þaa fædir. Devt. 32. v. 18. Metnast og segia: Hvor er DRottinn? Prov. 30. v. 9. Eda i Mootlætinu rijsa upp, eins og Bodi a Skeri, sem þeir vilie i Raadleysu storma uppaa Himininn og gaanga i Rett vid Gud, so sem Omyskunsamann og Hardudugann Doomara, og maala hann upp fyrir sier, eins og grimmt Villu-Dijr. Job. 30. v. 21. Eda Lygara. Jer. 15. v. 16. Enn þoott Gud reyndi þetta sitt Barn i Eymdanna Ofni, þa hafdi hun lært af sijnum Meistara, vid hvers Fætur hun hafdi so lengi setid, ad þegia eins og Lamb. Es. 53. v. 7. Og eignast sijna Saal i Þolinmædi. Luc. 21. v. 19. Og ad segia med David: Jeg vard Maal-laus, og vildi ecki upplwka mijnum Munni, þvi Þu, Þu giordir þad. Ps. 39. v. 10. Þo hun hverki skildi nie vissi nockurn Utveg eda Medol til Hiaalpar, þa voru til Reidu JEsu Ord, er hann taladi fordum til Peturs: Þad eg giori, skilur þu ecki nu, enn seinna skalt þu skilia þad. Joh. 13. v. 7. Þau geymdi hun og yfirvegadi i sijnu Hiarta sem Maria, þvi voru þau henni, i øllum Beiskleika, sætari enn Hunaang og Hunaangs Kaka. Hun var ein Kona sem maatti segiast iklædd Soolunni, med þvi hun var iklædd Christo, sem nefnist Sool, þar hun var iklædd þeim Dygdum, sem Christur hefur skipad øllum af sier ad læra, sem riettelega taka Nafn af hønum. Iklædist þier nu, so sem wtvaldir Guds, Heilager og elskader, Hiartfolgene Myskunseme, Goodgyrne, Hogværd, Laanglundargede, umberande hvør annan, og fyrer gefandi hvør ødrum, so sem Gud hefur Fyrergiefed ydur, i Christo. Col. 3. v. 12. Þetta voru hennar Almenneleg hvørs Dags Fot, og af þeim Buninge kunnu aller þeckia hana fyrer Jesu Skoola Barn. Hun hafde Tungled under sijnum Fotum, þvi hun lijtels virdte allan Heimsens Ostødugleika, og Luckunnar Svipvinde, hvørt þad geck med eda

moot, upp eda nidur, þar vid brá hun eckert sijnum Gedsmunum: Guds Fridur hroosadi Sigri eins eptir og adur i hennar Hiarta. Ibid. v. 15. Hvilijkt Stedugglyndi og Jafnadar-Ged kañ enginn lifandi Madur ad hafa af Holldi og Blooði, eda sinni eginn Natturu; Þvi þoott einn stilltur af Natturu kunni ad beraſt vel af, og eiñ Socratis Lærisveiñ kunni ad hugsa: Þad sem verdur ad vera, viliugur skal hvor bera; Þa er hann þo alltijd illa til Frids med sialfum sier, og sw Hugarins Oroosemi brijtst einhvern Tijma wt i Ordum, Verkum eda Vidmooti; Eñ hia henni kunnu Menn ei annad ad merkia, enn hun væri aldeilis ánægd, ja, vel til Frids, i Veikleikum, i Forsmanum, i Naudum, i Offooknum, i Angistum, fyrir Christi Sakir, 2. Cor. 12. v. 10. Þvi hun hroosadi sier af Von Guds Dijrdar, og ecki alleinasta þad, helldur hroosadi sier i Hörmungunum, Rom. 5. v. 2. 3. Fridur Guds, sem yfirgengur allann Skilning, vardveitti Hiartad og Hugskotid i Christo JEsu. Þvi hun hiellt af Alvöru med Postulans Meining i Textanum, þeirra Orda Meining og Mergur, voru runninn henni i Merg og Bein; Hun hafdi fundid þau, og etid þau, þvi voru þau henni til Fagnadar og Hiartans Gledi, Jer. 15. v. 16. fram i Daudann, þad eina var þad sem olli hennar Stodugleik, ad hun var yfirbevijsud um, ad þeir Hlutir sem **Vier lijdum nu a þessum Tijma, eru ecki verdir þeirrar Dijrdar, sem mun verda opinber vid oss.** Hvor Ord vier höfum nu framvegis stuttlega ad yfirvega:

II.

Epter þad Postuleñ hefur nu giört so merkelegt Underlag, med Obifanlegum Rokum stadfest, þa lætur hañ fylgia sijna **Aliktan**, i hvorri hann ber samann Mootlæti þessara Tijma, vid Dijrd þeirra eptikomandi; Og höfum vier þar hia ad adgæta:

1. Ad Guds Børn hliota margt ad Lijda: Þad er vijst, ad hvør sem vill vera JEsu Lærisveinn, maa taka sinn Kross uppaa sig og fylgia honum eptir. Matth. 10. v. 38. Þad er Pauls Aminning til Timotheum: Lijd þad vonda sem goodur Strijdsmadur JEsu Christi. 2. Tim. 2. v. 3. Og þad eptir hanns Dæmi sem leid, og skamadist sijn þar ecki ad. Þad er almennileg Regla: Aller, sem vilia Gudrækilega lifa i Christo, hliota Offsooknir ad lijda. David hefur þvegid sijnar Hendur i Meinleysinu, þo er hanns Plaga hvern Morgun ny. Ps. 73. v. 14. Þar er ei helldur ein Baara stok fyrir Guds Bornum. Allar þijnar Vatns Öldur gaanga yfir mig. Ps. 42. v. 8. Þau meiga lijda undir Guds Hond, sem tilskickar þeim Krossinn, undir Mannanna Hond, sem giøra þeim þad illt sem þeir geta, Jaa, giøra Samtok aa mooti þeim. Laatum oss umsitia þann Riettlaata, þvi hann bregdur oss um þad, ad vier syndgum aa mooti Logmaalinu. Sap. 2. v. 12. Soleides meiga þau lijda, bæde innvortes a Saalunne, og utvortes a Lijkamanum, aa sijnu Goodse, aa goodu Nafne og Rikte. So þar er innvortis Otti, utvortis Strijd. 2. Cor. 7. v. 5. Enn þo skulu Christnir so lijda þad vonda, ad þeir finnist alltijd stadfastir i goodum Verkum, i Þolinnmædi hinns gooda Verksins. Rom. 2. Þvi hvør Hroosun er þad, ef þier syndgid og erud þvistrader og umberid? Enn ef þier gott giørid, lijdid og umberid, þad er Naad fyrir Gudi. 1. Pet. 2. v. 20. Ef nockur lijdur sem annar Christinn, þaa skammist hann sijn ecki, helldur dijrdki Gud i þvi Tilfelli. Cap. 4. v. 16. Item, þad er betra ef Guds Vilie vill, ad þier lijdid nær þier giørid gott, enn nær þier giørid illt. Cap. 3. v. 17. Enn þoott þeir lijdi mikid illt fyrir Mannanna Augum, þa er þo þeirra Von full med Odaudlegleikann; Þeim var lijtid refsad, enn þaa mun ske mikid gott, þvi Gud reyndi þaa, og fann ad þeir voru hanns sialfs verdugir. Sap. 3. v. 5. Bregdist þar fyrir ecki Okunnugir vid þann Mootgangs

gangs Hita, sem skedur ydur til einnrar Reynslu. 1. Pet. 4. v. 12. Sat Hit-
skal verda sem Elldurinn i Pyrni-Buskinum, sem logadi, enn brann þo ecki; Þvi
Guds Huggunar Straumar svala i Hitanum, og so sem Christi Pijsler yfirgnæfa
til vor, so yfirgnæfir vor Huggun fyrir Christum. 2. Cor. 1. Hryggdiñ skal snw-
ast i Fognud. Komi oss soddann undarlega fyrir, þa vitum fyrir vijst, ad
Gud giorir ecki ad Gamni sier i þvi, ad þiaa sijn Born, helldur fyrir vissann Til-
gang, sem þeim er fyrir betstu, þad eru allt pathèmata mathèmata sem haũ legg-
ur Monnum uppaa, þad er saa Skadi, sem giorir Mann hygginn, þad Mootlæti,
af hveriu vier hofum alltijd eitthvad ad læra, og giorir hann þad þa

a.) Til ad reyna sijn Born, og leida þeirra Trw og Þolinnmædi i Lioos, so
ad Reynsla vorrar Trwar, sem er miklu dyrmætari, enn þad forgengilega Gull,
sem þo fyrir Eldinn reyniſt, finnist til Lofs og Heidurs og Dijrdar, i Opinberan
JEsu Christi. 1. Pet. 1. v. 7.

b.) Til þess ad giora oss Hluttakandi i sijnum Heilagleika; Þad segir Post-
ulinn wtþryckilega. Ebr. 12. Þeir adrir typtudu oss ad sonnu faa Daga, so sem
þeim leitst; Enn þessi til Nytsemi, til þess vier skyldum verda Hluttakandi i haũs
Heilagleika. Þad er ad skilia: Ad vier skulum aukast og eflast i ollum christileg-
um Dygdum og Mannkostum. Vier hroosum oss af Hormungunum, þvi Hor-
munginn verkar Þolinnmædi, Þolinnmædinn Reynsluna, Reyũslann Vonina;
Enn Voninn lætur ecki til Skaũar verda. Rom. 5. v. 4. 5. Reynsla ydar Tru-
ar verkar Þolinnmædi, enn Þolinnmædinn hafi fullkomid Verk, uppaa þad þier
sieud fullkomner og algiorder, so ydur eckert vanti. Jac. 1. v. 4.

c.) Til ad giora oss framandi fraa Heiminum, so vier wtvelium helldur med
Moyse, ad lijda Illt med Guds Foolki, enn hafa tijmannlega Syndarinnar Lysti-
semi. Ebr. 11. v. 25. Nær vier dæmunst, verdum vier af DRottni typtadir, so

vier ecki med Heiminum fordæmunst. 1. Cor. 11. v. 32.

d.) Leggur Gud oss Hormungar uppaa, so vier upporfunst til Bænarinnar: Þvi annars erum vier latir og haalf-volgir; Enn i Mootlætinu lærist oss ad klappa uppaa Guds Naadar Dyr, eins og saa Hallte, sem laa fyrer Musteris Dyrunum og bad Ölmusu. Act. 3. Eda Lazarus fyrir Dyrum þess Ryka. Lyde nockrum Illa saa bidie, seger Jacob. Vier tökum þa med meira Fognude, moote Guds Naadar Molum. Þegar ad þvi kom, ad JEsus strijddi vid Daudann, bad hañ akaflegar. Luc. 22. So og allir hañs Krossberendur. Mootlætisins Eldur gior-ir Bænina heita, so hun verdur alvarleg, og maa mikid, og þad so mikid, ad vier kunnum ad neyda hiñ Almaattuga, so hañ hlijtur oss myskunsamur ad vera: Og er þa audsied hvad naudsynlegur oss er hañs Agi, jafnvel þoott hann finnist ad vera Sorg, enn einginn Gledi medann hann aaliggur, sem verda mun stutta Stund, hvad Postulinn framvegis kennir, med þvi hann talar uñ:

2. **Hvenær** eda a hverium Tijma vier skulum **lijda**. Og giorir hann nærsta lijtid wr honum, segiandi alleinasta: **Nu a þessum Tijma.** So lijdum vier alleinasta **nu**, og lengur erum vier ecki vissir uñ vort Lijf enn **nu**, **nu** varir eirnig vort Mootlæti. Saa uñlidni Tijmi er ecki **nu**; Enn hvad baag-lega sem hann hefur fallid, þa er hañs Miñing og Tilhuxun ætijd sæt og inndæl, [Dulcis præteritorum memoria & jucundi acti labores] So vier minnunst þess uñlidna med Gledi og Fagnadar Graati, og þa finnst sem eckert hafi verid, og Minninginn sætari enn Beiskiunni svaradi, og þad, medann vier hiorum eñ nu, i þessum Eymdar-Dal, og skilium ecki til fulls Guds Naadstofun og Medhondl-an a sijnum Bornum, og þykir hun nærsta undarleg; Hvad yfirmaata Fagnad-arfull og Inndæl, maa þa sw Tilhugsun verda i eilijfu Lijfi! Þa Guds dijrdar-

fulla

fulla Andlitis Skodan hefur kent þeim Utvöldu ad skilia fullkomlega, hvad Fodur lega hann soor med þa hier i Heimi, og þad midt i Hörmungunum, moot öllum mannlegum Skilningi! Þegar þeir þa talast vid og spyriast a sijn i milli, eins og H. Johannes gefur oß lijtid i Skyn. Þeßir sem skrijddir eru þeim sijdu hvijtu Klædum, hverier eru þeir? Og hvadann eru þeir adkomnir? Og þar verdur tilsvarad: Þeßer eru þeir, sem komner eru ur þeirre stooru Þreyngingu, og hafa þveiged sijna sijdu Kirtla, og hvijtfægad þa i Blode Lambsins, þar fyrer eru þeir frami fyrir Stooli Guds, og dyrka hann Dag og Nætt i hanns Musteri. Apoc. 7. 14. 15. Og soddann Lofgiord og Þacklæti fyrir Guds Dasemdir verdur þo alldrei um alla Eilijfd utsunginn. Amen! Bleßan og Heidur og Speki og Þackargiord, og Dijrd, og Makt, og Styrkur sie Gudi vorum, um Alldir Allda Amen!

O! Hvad bleßud Tilhugsun! So er þad umlidna nu alltijd gledilegt. Hvad þeim eptirkomandi Tijma vidvijkur, þa er hann ecki helldur nu, helldur alleinasta sa yfirstandandi, og lengur er þar ecki a ad gefka, enn þetta nu, um þad nu sem her kemur næst a eptir, erum vier ecki vißir, ad þad muni nockurn Tijma yfir oß koma: Og hvad er þa þetta ad reikna, i mooti Eilijfdini? Mun þad komast i nockurn Samjofnud? Þusund Ar eru fyrir DRottni, sem ein Dagur. 1. Pet. 3. v. 9. Og med þvi vort Lijf er so stutt, er audvitad, ad Mootlætid mun vera stutt. Illir og fair eru mijnir Lijfdagar. Gen. 47. v. 9. Sem ein Þverhandar Breidd, og so sem eckert fyrir Gudi. Ps. 39. v. 6. Eins og Jonæ Kikajon sem voox a Noottu og visnadi a Noottu. Jon. 4. Sem ein Gufa, sem siest um Stundar Sakir, og hverfur sijdann. Jac. 4. v. 4. Eins og eitt Bloomstur, sem snart visnar. Madurinn af Kvinnuni fæddur, lifir stutta Stund. Job. 14. Hans Lijf er sem Vindur, og sem Vefarans Vinda. Cap. 7. So vitum vier þa alldrei nær, en vort Lysa Stunda Glas er utrunid: Enn so stutt sem Lijfid er, so stutt er og Mootlætid: Og

 hvad

hvad er þad þa i Samannburd vid hitt, sem alldrei tekur Enda? Vort Mootlæti og Hormungar, sem vier lijdum, nefnir Riekningin eiñ Dag; Takid aa ydur Alvæpni Guds, so þier megnid aa mooti ad standa, aa þeim vonda Degi. Eph. 6. v. 13. Eina Stund eda Tijma. Eg mun vardveita þig fraa Stundu Freist, inganna, sem koma mun yfir alla Heimsbygdina: Lætur Jesus skrifa til þess Engils Safnadarins i Philadelphia. Apoc. 3. v. 10. Formaattir þu ecki eina Stund ad vaka med mier? Jaa, þad er lijtil Stund og lijtill Tijmi. Jnnann lijtils Tijma munud þier sjaa mig aptur. Þad er eitt Augnablik; og enn framar: Eitt lijtid Augnablik; Eg hefi yfirgefid þig aa litlu Augabragdi, Enn vil myskuna mig yfir þig med eilijfri Myskunsemi, sagdi DRottiñ þiñ Endurlausnari. Es. 45. v. 8. J einu Ordi ad segia: Mismunuriñ er so stoor: Ad Mootlætid er miñna enn Augnablik sem vier lijdum. Myskunseminn Endalaus og eilijf, sem verdur opiñber vid oss, eda i oss.

3. Med einni Ometannligri Dijrd, þvi vor Hormung, sem er skammvinn og lett, verkar oss einn miøg yfirgnæfannlegann, eilijfañ Vigtugleika Dijrdariñar. 2. Cor. 4. v. 17. Þvigegnum margar Hormungar byriar oss inn ad gaanga i Guds Rijki. Act. 14, v. 22. Ecki ad vor Hormung forþieni þaa eilijfu Dijrd, helldur er hun einn Vegur, um hvorn vier hliootum ad gaanga til Dijrdariñar igegnum Hormungarnar. So bædi vor Goodverk og Hormungar, eru alleinasta Vegur til Rijkisins, enn ecki Orsøk til Regeringarinnar, þvi Dijrdiñ sem oss er lofud, er so mikils Verd, so þwng og vigtug, enn Mootlætid so liettvægt, ad þad eina kann Omøgulega ad reiknast i Gylldi hinns annars, eins og þad skedur i Kaupum og Solum, ad einn Hlutur er borgadur med sijnu Jgylldi, eda jafnvægu Verdi, so sem þa Abraham keypti Akurinn af Ephron Hethita fyrir fullt Verd. Gen. 23. v. 9. Ney! Vort

Moot,

Mootlæti sem vier lijdum, er allt ofliett til þess: Þad er ecki su Myndt, med hverri vier kunnum ad kaupa ad Gudi Himininn, eda himneska Dijrd, hun er meira verd. Christi Pijna var alleinasta so kostug og dijrmæt. Christur var lijtils vyrdtur hia Mönnunum, og seldur fyrir lijtid Verd. Zach. 11. v. 13. Enn hann vyrdti oss og vora Saaluhiaalp mikils, og wtvegadi sier Sofnudinn med sijnu eiginn Blodi. Act. 20. v. 20. Ja hann hiellt oss sialfs sijns verduga: Og þar af maa sia, hvad Ometannlegt sie Verd Dijrdarinnar, so hversu stoor og þwng sem vor Pijna kann ad finnast, er hun þo œfinnlega lettari enn Dijrdinn, sem ei er ad undra, þvi þad skedur stundum her i Heimi, ad undannfarnar Eymdir og Ovirding, eru lettari enn eptirkomandi Heidur. Allt Josephs Andstreimi var ecki verdt þeirrar Upphefdar, sem hann komst til sijdar: Fyrst var hann hatadur af Brædrum sijnum, Gen. 37. Þad voru alleinasta 10. Personur, Enn sijdann var hann virdtur og elskadur af öllum; þeir seldu hann til framandi Þiooda; Enn sijdann vard hann Herra yfir þeim Framandi, Gen. 41. v. 40. Fyrst var hann settur i Faangelsi, sijdann er honum ekid a Pharaonis odrum Vagni; Adur vard hann ad begia sig fyrir sijnum Brœdrum og bidia þaa; Enn sijdann beigdu þeir sig fyrir honum; Adur var hann spottadur, sem einn Drauma Meistari; eptir aa wthroopadur fyrir Landsins Fodur, og þa baadu Brædur hanns hann, og fullkomnadist þad sem hann hafdi aadur sied i Svefni: Ad Soolin og Twnglid etc. lutu honum: Hann bad þaa ad segia Fodur sijnum sijna Upphefd, og þa liek saa gamli Madur Alsollinn af Gledi, hanns Andi vard lifandi i honum, sem aadur mætti segiast daudur i Sorginni, hvorri hann nu aldeilis gleymdi, þvi Fognudurinn yfirgnæfdi. So var Mardochæi Velstand meira verdt, enn undannfarinn Vaagendi. Est. 10. Enn hvad vil eg nefna þessa Heims Dijrd, hier til? sem er Hegoomi: Og mun uppsvelgiast af Guds Dijrd, eins og Lioos Birtann af Soolar Birtunne. Vier hroosum oss af Von Guds Dyrdar;

segir

segir Paulus. Rom. 5. v. 2. Hun er og so alleinasta þess verd, þvi þad er

1. Eilijf Dijrd, þad er ecki su Dijrd, sem sijnd verdur alleinasta um eitt Augna-Blik. Luc. 4. v. 5. Þad er einn Lostur, sem øllum spillir Kostum, og øllu Jardnesku, þad hefur ei Augnabliks Aldur, so eins Manns Vegsemd kann vera stoor, Gootzid er þo ei eilijft, og mundi ein Corona kunna vara æ og alltijd? Prov. 27. v. 24. So þeir coronudu mega klaga med Jeremia: Vor Høfuds Corona er affallinn. Thren. 5. v. 16. Enn Guds Børn ødlast æfvarandi eilijfa Vegsemd, eitt eilijft Rijki. Dan. 7. Ohræranlegt Rijki. Ebr. 12. Jaa, eilijfa Dijrd i Christo JEsu. Þessi Dijrd er

11. Ein yfirgnæfanlega þwng og vigtug Dijrd: Þessa Heims Dijrd er mogur og groñ. Esa. 17. v. 4. so Salomon i allre siñe Dyrd, var ei so skryddur, sem eitt af Akursens Liliu Grosum; Eñ, þad hefur ei Auga sied, og ecki Eyra heyrt og þad hefur ecki i nockurs Manns Hug eda Hiarta uppstijgid, sem Gud hefur fyrirbwid þeim sem hann elska. 1. Cor. 2. v. 9. Siaaum hier þessarar Dijrdar Yfirburdi: Vier kunnum ad imynda oss þessa Veroldu, Þusundsinnum pragtugri enn hun er: Fiøllinn af Gulli, Perlur og Edalsteina i Stadinn fyrir Griootid, dijrmætasta Vijn i Stadinn Vatnsins; Enn þessi Dijrd er so stoor, ad þad getur eingeñ Madur Leidt sier i Hug, þvi þad er Rykdoomur Guds Dyrdar i Christo Jesu. Rom. 9. v. 23. Þo þar verde mismunur, þvi þar er añar Biartleiki Soolarinñar, añar Tunglsins, og añar Stiarnaña, þvi ein Stiarna yfergeinguc adra i Biartleika. 1. Cor. 15. Þa munu þo aller af Dijrd og Vegsemd saddzer verda. Þessi Sadningarfulla Dijrd og Dijrdarfulla Sadning er nu innifaliñ.

1. J þvi ad sia og skoda Guds Dijrdarfulla Auglit, þad er hann siælfann, fraa Eilijfd til Eilijfdar, hier siaaum vier hann alleinasta Bak til, Exod. 33. Fyrir Spegil og i Raadgaatu; Enn þar Augliti til Auglitis. 1. Cor. 13. v. 12.

Þeir sem geingu næst Konunginum, sjau hann Auglit. Esth. 1. O hvilijk Owtseiganleg Vegsemd, ad standa framme fyrer Stoolnum. Apoc. 3. v. 9. Þar sem Mannsins Sonur mun sitia a Stooli sinnar Dijrdar. Matth. 25. Og vier munum sialfir sitia þar; Þvi þeim sem yfirvinnur, honum vil eg gefa ad sitia hia mier a mijnum Stooli. Apoc. 3. v. 21. Hier sitium vier opt grætandi vid Vötninn i Babylon. Ps. 137. v. 1. Enn þar munum vier sitia vid hreint Vatns Fall, Lijfsins Vatn, skært sem Chrystall, sem frammflijtur af Stooli Guds og Lambsins. Apoc. 22. v. 1.

2. Bwstadurinn sa Lystelegasti. Dijrdarinnar Tialdbwder, Konungsins Höll, Ps. 45. Fodursins Hws, þar sem eru margar Vistar-Verur; Þar er yfirfliootanleg Gledi og lystug Vistar-Vera hia Guds hægri Hendi eilijflega. Ps. 16. v. 11. Hier erum vier i Forgardinum, i Himni Christelegrar Kyrkiu; Enn þar i Himnesku Musteri, i þeirri Borginni af Gulli og Edalsteinum. Apoc. 21. 10. Gud hefur opt Opinberad sijna Dijrd fyrir Mönnunum hier i Heimi. A Sinai Ex. 24. J Musterenu. 1. Reg. 8. A Tabor; Og vijdar, meir enn Mannlegur Veikleiki hefur getad afborid; Enn hvad mun þad þo ad reikna, hia þeirri tilkomandi Dijrd!

3. Mun Samfelagid verda hid Ununarsamlegasta, Ja, meir enn talast og hugsast kann; Ad vera a medal þeirra riettlatu Anda, medal Englanna morgu Þusunda, hia Gudi allra Doomara, sem er Dijrdarinnar Fadir. Eph. 1. v. 7. Hia JEsu Christo, sem er Lioomi hanns Dijrdar. Ebr. 1. v. 3. Og Drottinn Dijrdarinnar. 1. Cor. 2. v. 8. Hia Guds Anda, sem er Andi Dijrdarinnar. 1. Pet. 4. v. 14. Hier ummindunst vier fra Dijrd til Dijrdar. Enn þar er Dijrdin fullkominn. Mosis Andlit vard skijnandi af 40. Daga Umgengni med Gudi, Ex. 34. v. 29. Hvad meinid þier þa ad verda muni af þvi ad hafa eilijfa Umgengni med honum? Þvi vier munum alltijd hia Drottni vera. 1. Thess. 4. v. 1. Og skijna med Saal og Lijkama sem Soolinn i Riki vors Fodur. Hann mun umm-mynda vorn audvirdilegann Lijkama, ad hann verdi samlijkur hanns dijrdarlegum Lijkama. Phil. 3. v. 21. Hier vid maa nu Twngann þagna og Hugskotid gefast upp, alleinasta getur Gnægd Hiartans wtbrotist, med þeim Forundrunarfullu Ordum Drottningarinnar af

Saba

Saba, um̃ Salomonis Vijsdoom og Vegsemd: Siaa! Hier er ecki Helmingur affsagdur. 1. Reg. 10. v. 7. Þvi vier erum nu Guds Born, enn þad er enn þa ecki opinnberad, hvad vier verda munum, helldur vitum vier, ad nær hann opinnberast munum vier honum lijkir verda, og vier munum siaa hann, so sem hañ er. 1. Joh. 3. v. 2. Þetta hafa þeir nu aller fengid ad siaa sem sofnader eru i Christo, og þad Gledilega Hlutskipti hefur hun ødlast, hvorrar Vidskilnadur nu hefur verid oss til Uppvakningar i Dag, þad sæla Guds Barn Saal. Sigrijdur Sigurdar Dootter. Skyldi nockur efast þar um̃, þaa hefdum vier Orsok ad upphroopa med Osbodi: O Herra Gud i Himninum! Hvor mun þa hoolpiñ verda? Hun hefur nockra Stund seted vid þad Beiska Vatn i Mara; Eñ nu siter hun vid Bruñ þess Lifanda og Siaanda, og syngur med Fognude: Sañarlega hefe eg nu sied þañ, sem mig sier hier efter. Gen. 16. v. 13. Hier sat hun under Graats Eikiñi, Cap. 35. v. 8. Eñ nu vid Lijfsins Eyk midt i Guds Paradys. Apoc. , v. 7. hafandi alla þa Sinnis- og Hugar-Hægd og Sigur Frægd, sem JEsu dijrmætur Daudi og Upprisa hefur henni, og øllum trwudum wtvegad. Hafi oss nu til Hugar komid, ad graata med henni graatandi, þa fognum nu miklu framar med henni fagnandi; Graatum ecki, segi eg: Munum helldur; Munum til hennar Dygda Dæmis, Hun hiellt ecki baa Hluti sem hun leid, verda þeirrar Dijrdar, sem vid hana mundi opiñber verda, og nu er opinnber vordinn. Hennar Þolinnmædi hofum vier þa heyrt, og Endalykt Drottinns sied. Jac. 5. v. 11. Hofum þvi hlioodt um̃ vid Gud, hann mun hiaalpa. Ps. 62. v. 2. Unum vel vid þad sem hann vill vera laata, segiandi med David enn framar: Bijd eptir Drottni, vertu Hughraustur og hann mun styrkia þitt Hiarta Jaa, bijd eptir Drottni. Ps. 27. v. 14. So nær vier høfum giørdt Guds Vilia kynnum vier ad ødlast Fyrirheitid, þvi þad er enn nu lijtill Tijmi, hvad lengi sem þad kann ad vera, ad saa sem kemur, hann mun koma og ecki tefia. Ebr. 10. v. 36. Burtkostum ecki þessu Trausti, sem hefur eitt stoort Endurgialld!

Gud Almaattugur kenni oss sialfur, riett samañ ad bera Mootlæti þessarra Tijma, vid þa Dijrd sem vid oss mun opinnber verda, og lijda med Þolinnmædi Hormungina, sem er skamvinn og liett, og vænta med Gledi eptir þeim yfirgnæfanlega Vigtugleika Dijrdariñar i JEsu Nafni, Amen.

Þrickt aa Hoolum i Hiallta Dal, af Jooni Olafssyni.
Anno 1772.

